

30. MARS  
2023

HARPA  
ELDBORG

# Sæunn leikur Shostakovitsj



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverks.

---

**Tímalengd verka:**  
Subito con forza 5'  
Sellókonsert 28'  
Sinfónía 42'

**Tónleikunum er útvargað beint á Rás 1.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Sæunn leikur Shostakovitsj

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

### Dmitry Matvienko

Hljómsveitarstjóri

### Sæunn Þorsteinsdóttir

Einleikari

## Unsuk Chin

Subito con forza (2021)

### Dmítríj Shostakovitsj

Sellókonsert nr. 1 í Es-dúr, op. 107 (1959)

Allegretto

Moderato

Cadenza

Allegro con moto

## Hié

### Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 6 í F-dúr, op. 68 (1807–1808)

Fagnaðarkenndir vakna þegar komið er í sveitina

Við lækinn

Sveitungar skemmta sér

Þrumuveður

Söngur smalans. Gleði og þakklæti þegar

óveðrinu slotar

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).



# Dmitry Matvienko

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Belarúsinn Dmitry Matvienko bar sigur úr bítum í hinni alþjóðlegu Malko-keppni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2021. Hlaut hann bæði 1. verðlaun og sérstök áhorfenda-verðlaun. Hann hóf formlegt tónlistarnám sex ára gamall, nam síðar kórstjórn og var félagi í kór MusicAeterna-hópsins. Síðar hóf Matvienko að nema hljómsveitarstjórn í Moskvu og sótti þar meðal annars námskeið hjá Gennadíj Rozhdestvenskí, Vladimir Jurowski, Teodor Currentzis og Vasilíj Petrenko.

Undanfarin misseri hefur Matvienko meðal annars stjórnað hljómsveitum í Genóa, Bologna, Tórínó, Monte Carlo, Bergen og Adelaide. Hann aðstoðaði einnig Vladimir Jurowski við uppsetningu á óperu Shostakovitsj, *Nefinu*, þegar hún var sett upp í Ríkisóperunni í Bæjaralandi.

Á yfirstandandi starfsári (2022–2023) hefur Matvienko meðal annars stjórnað hljómsveitum í Kaupmannahöfn, Helsinki, Árósum, Feneyjum og Madríd ásamt því að aðstoða Vladimir Jurowski enn á ný við Ríkisóperuna í Bæjaralandi, nú á uppsetningu óperunnar *Stríð og friður* eftir Sergej Prokofjev. Þá þreytti hann enn fremur frumraun sína við Rómaróperuna.

Dmitry Matvienko stjórnar nú Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn.



# Sæunn Þorsteinsdóttir

## EINLEIKARI

Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari nýtur mikillar velgengni á fjölbreyttu sviði innan tónlistarheimsins – sem einleikari, í kammertónlist og kennslu – en hún hefur verið búsett í Bandaríkjunum um árabíl. Sæunn hefur leikið einleik með hljómsveitum á borð við Fílharmóníusveitina í Los Angeles, Sinfóníuhljómsveit breska útvarpsins (BBC), Sinfóníuhljómsveitina í Seattle og Fílharmóníusveit norður-þýska útvarpsins (NDR) auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands og komið fram í tónlistarhúsum á borð við Suntory Hall í Tokyo, Carnegie Hall í New York og Barbican-listamiðstöðina í Lundúnum auk Disney Hall í Los Angeles, en Los Angeles Times hefur einmitt hælt leik hennar fyrir andríki og tilfinningalega ákefð. Sæunn er meðlimur í kammerhópnum Decoda, sem á sér fast aðsetur í Carnegie Hall og hefur komið fram á hátíðum eins og Marlboro í Bandaríkjunum, Prussia Cove í Englandi og Við Djúpið á Ísafirði. Sæunn er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2022-2023.

Sæunn er ötull talsmaður nýrrar tónlistar og hefur pantað og frumflutt fjölda nýrra verka. Hún hefur unnið náið með tónskáldum á borð við Daníel Bjarnason, Pál Ragnar Pálsson, Halldór Smáráson, Puríði Jónsdóttur og Meliu Watras. Árið 2019 gaf Sæunn út hljómplötuna Vernacular með nýjum, íslenskum einleiksverkum fyrir selló undir merkjum Sono Luminus hljómplötuútgáfunnar. Túlkun Sæunnar á einleikssvítum Bachs kom út á hljómplötu hjá sama útgáfufyrirtæki í febrúar 2023.

Sæunn lauk BA-námi frá Cleveland Institute of Music, meistaranámi frá Juilliard-háskólanum í New York og doktorsnámi í tónlist frá ríkisháskóla New York (SUNY) í Stony Brook. Hún kenndi um árabíl sellóleik og kammer-tónlist við Washington-háskóla í Seattle en hóf störf við Cincinnati College Conservatory í Ohio haustið 2022.



#### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Verkið hefur aldrei verið flutt á Íslandi.

# Unsuk Chin

## SUBITO CON FORZA

Suður-kóreska tónskáldið Unsuk Chin (f. 1961) hefur um árabíl verið í hópi fremstu samtímatónskálda á heimsvísu. Hún hlaut hin virtu Léonie Sonning-verðlaun árið 2021, en meðal fyrri verðlaunahafa eru Ígor Stravinskíj og Arvo Pärt. Árið 2019 sagði listrýnir The Guardian að sellókoncert Chin væri eitt af allra bestu tónverkum 21. aldarinnar til þessa. Verkið, Subito con forza, samdi Chin í tilefni af 250 ára afmæli Beethovens en það var frumflutt á Proms-tónlistarhátíð Breska útvarpsins (BBC) 2021 og hlaut þar lofsamlega gagnrýni, m.a. í stórblaðinu The Times.

Subito con forza er verk mikilla andstæðna. Við heyrum óminn af Beethoven strax í upphafi en þar vitnar Chin beint í Coriolan-forleikinn. Fyrir en varir heldur verkið í aðra átt og við taka blíðir hljómar. Tónskáldið byggir svo upp spennu sem fær útrás í hröðum hendingum. Aftur fellur allt í ljúfa löð en það er tálsýn því áður en langt um líður heyrum við kraftmikla hljóma hljómsveitarinnar; píanóið hleypur upp og niður tónskalann. Loks tekur við einhvers konar kall málmblásara áður en hægist um á nýjan leik. Eftir mikla ólgu endar verkið undurlítt.



# Dmítríj Shostakovitsj

## SELLÓKONSERT NR. 1, OP. 107

Rússneski sellóleikarinn Mstislav Rostropovitsj hafði lengi alið með sér þann draum að fá Dmítríj Shostakovitsj (1906–1975) til þess að semja fyrir sig sellókonsert. Hann færði þetta eitt sinn í tal við eiginkonu tónskáldsins, Margaritu Kainovu, og spurðist fyrir um hvernig best væri að bera sig að. „Þú mátt ekki minnst á þetta við hann einu orði“, á eiginkonan að hafa ráðlagt sellóleikaranum sem fór eftir þessum ráðum í einu og öllu. Það bar árangur því hinn 2. ágúst árið 1959 fékk Rostropovitsj sendan glænýjan sellókonsert frá Shostakovitsj og það sem meira var, Rostropovitsj lærði verkið utanbókar á einungis fjórum dögum. Hann var enda frægur fyrir gott minni og frumflutti hundruð nýrra verka um ævina. Rostropovitsj lék konsertinn fyrst fyrir tónskáldið með píanói en verkið var frumflutt hinn 4. október 1959 í Moskvu.

Shostakovitsj mátt þola ýmislegt um ævina; honum var stundum hampað af sovéskum stjórnvöldum en var líka fyrirvaralaust fordæmdur. Eftir dauða Stalíns 1953 urðu verk hans að mörgu leyti dimmari og torskildari, einkum um og eftir 1960. Fyrri sellókonsert Shostakovitsj – sá síðari kom út árið 1966 – er mjög í anda fyrri verka tónskáldsins; uppfullur af bæði kaldhæðni og tregablandinni ógn. Hann er í fjórum þáttum og stef fyrsta þáttar (*Allegretto*) heyrir strax leikið í upphafi. Það minnir um margt á kennistef Shostakovitsj, DSCH (D-Es-C-H) sem hljómar í mörgum verka tónskáldsins (annarri píanósónötunni og tíundu símfóníunni svo eitthvað sé nefnt). Annar kaflinn (*Moderato*) er hægur og vísar til rússneskrar þjóðvísu og rennur beint yfir í þriðja þáttinn (*Cadenza*), langa og íhugula einleikskadensu. Aftur renna kaflar saman en lokaðátturinn (*Allegro con moto*) er hraður og fjörugur dans þar sem tónskáldið vitnar meðal annars í uppáhaldssöng Stalíns, georgíska þjóðlagið *Suliko*.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fyrsti sellókonsert Shostakovitsj hefur sjö sinnum áður hljómað í flutningi Símfóníuhljómsveitar Íslands. Fyrstur til að leika konsertinn hér á landi var Erling Blöndal Bengtsson árið 1963 en síðan hafa flutt konsertinn Hafliði Hallgrímsson (1972), Frans Helmerson (1992), Bryndís Halla Gylfadóttir (2000), Gyða Valtýsdóttir (2004), Natalia Gutman (2009) og Alban Gerhardt (2018). Steiney Sigurðardóttir lék fyrsta þáttinn úr konsertinum með Símfóníuhljómsveit Íslands í Klassíkinni okkar árið 2022 og einnig lék Hjörtur Páll Eggertsson konsertinn á tónleikum með Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík árið 2017.



# Ludwig van Beethoven

## SINFÓNÍA NR. 6, OP. 68

Engum blöðum er um það að fletta að Ludwig van Beethoven (1770–1827) er í hópi frægustu tónskálda veraldar. Það kom í hans hlut að brúa bilið milli klassíska tímabilsins í tónlistarsögunni og þess rómantíska og hann hafði gríðarleg áhrif á sporgöngumenn sína. Fyrsta sínfónían sem hann samdi er til að mynda háklassísk en við erum strax farin að heyra áður óþekktar ómstríður í 3. sínfóníunni. Frægustu verk hans eru hverju mannsbarni kunn og nægir þar að nefna upphafsstefið úr 5. sínfóníunni, *Für Elise* og aðalstefið úr 4. kafla 9. sínfóníunnar, *Óðinn til gleðinnar*. Þá má einnig tilgreina *Allegretto* (2. kaflann) úr 7. sínfóníunni. Brot úr þessum verkum geta allir raulað, hvort sem þeir hafa áhuga á klassískri tónlist eða ekki.

Beethoven samdi fjölda verka. Hér má tína til níu sínfóníur, fimm píanókonserter, fiðlukonsert, 32 píanósónötur, 16 strengjakvartetta, óperu og tvær messur svo eitthvað sé nefnt. Tónskáldaferli hans er jafnan skipt í þrjú tímabil og nær hið fyrsta fram til ársins 1802, miðtímabilið frá 1802 – 1812 og hið síðasta frá 1812 uns Beethoven lést í mars 1827. Lengst af átti Beethoven andstreymt og átti gjarnan í útistöðum við samtíðarmenn sína. Mikið af þessum karaktereinkennum hafa verið rakin til heyrnarleysis hans, en Beethoven byrjaði snemma að missa heyrn og var orðinn nánast alveg heyrnarlaus árið 1811. Þá hætti hann að mestu að koma fram á tónleikum, hvort sem það var sem píanóleikari eða stjórnandi, en hélt þess í stað áfram að semja. Mörg af hans helstu verkum samdi hann því alveg heyrnarlaus.

Sjötta sínfónían var frumflutt í Víðnarborg hinn 22. desember 1808 (fimmta sínfónían var frumflutt á sömu tónleikum) en Beethoven samdi verkið á árunum 1802–1808, það er á segja á miðtímabili tónskáldaferil síns. Um er að ræða „prógrammsínfóníu“ en slík verk áttu rætur sínar að rekja til 18. aldarinnar. Þegar kom fram á 19. öld má segja að tónskáld hafi fengið aukinn áhuga á að koma frásögnum



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í tuttugasta og annað sinn sem Sí flytur Sveitasinfóníu Beethovens. Róbert A. Ottósson stýrði flutningi hennar í Þjóðleikhúsinu 1951, en síðan hafa m.a. haldið um tónsprotann þeir Olav Kjelland (1954), Bohdan Wodiczko (1966 og 1971), Paavo Berglund (1967), Aldo Ceccato (1989), Petri Sakari (1992 og 2001), Osmo Vänskä (2011), Hannu Lintu (2012) og Vladimir Ashkenazy (2013 og 2016).

sínum í tónabúning og Beethoven var að mörgu leyti brautryðjandi í þeim eignum. Hins vegar eru ekki mörg verka hans prógrammeruð; fyrir utan sjöttu sinfóníuna má auðvitað nefna *Sigur Wellingtons (Wellingtons Sieg)* frá árinu 1813. Við frumflutning sjöttu sinfóníunnar í Vínarborg 1808 stóð hins vegar skrifað í efnisskrána: „Sveitasinfónía, sem er fremur tjáning tilfinninga en málverk í tónum.“ Þannig vildi tónskáldið ekki leggja of mikla áherslu á frásagnarhluta verksins.

Sjötta sinfónían er í fimm þáttum. Fyrsti þátturinn (*Fagnaðarkenndir vakna þegar komið er í sveitina*) ber með sér ljúft og afslappað yfirbragð. Stefin sem tónskáldið kynnir til sögunnar eru „sveitarleg“ og Beethoven fer til að mynda sparlega með mollhljóma. Annar þáttur (*Við lækinn*) er hægur og líður hægt og rólega fram þar sem aðrar fiðlur og lágfiðlur bregða sér í líki árniðarins meðan fyrstu fiðlur fljóta ofan á. Við heyrum svo fuglasöng í lok þáttarins í stuttri kadensu. Þriðji þátturinn (*Sveitungar skemmta sér*) er sveitadans sem leysist skyndilega upp í óveður fjórða þáttarins (*Þrumuveður*). Aftur renna þættir saman en lokapátturinn (*Söngur smalans. Gleði og þakklæti þegar óveðrinu slotar*) er nokkurs konar þakkarsöngur. Hann hefst á kalli klarínets og horns sem strengir taka svo við.

*Magnús Lyngdal Magnússon*

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Vera Panitch  
Zbigniew Dubik  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pétur Björnsson  
Joanna Bauer  
Pálína Árnadóttir  
Lin Wei  
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Laufey Jensdóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Greta Guðnadóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Ingrid Karlsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Þórdís Stross  
Hekla Finnsdóttir

## Víóla

Þórarinn Már Baldursson  
Sarah Buckley  
Svava Bernharðsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Anna Elísabet Sigurðardóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Urh Mrak  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Júlía Mogensen  
Hjörtur Eggertsson

## Bassi

T.C. Fitzgerald  
Richard Korn  
Hávarður Tryggvason  
Jacek Karwan

## Flauta

Niamh McKenna  
Sólveig Magnúsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Matthías Nardeau  
Peter Tompkins

## Klarínett

Grímur Helgason  
Birkir Örn Hafsteinsson

## Fagott

Clara Manaud  
Brjánn Ingason

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjörn Ibsen Bruun  
Frank Hammarin

## Trompet

Einar Jónsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson

## Bassabásúna

David Bobroff

## Píanó - Celesta

Nikolai Tokarev

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink

---

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Valdís Þorkeldsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*  
Dagrún Hálfánardóttir  
*mannauðsstjóri*

Halla Oddný Magnúsdóttir  
*listrænn ráðgjafi*  
Jökull Torfason  
*verkefnastóri dagskrárgerðar*  
Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Svanhvít Hrólfsdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Cameron Anderton  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigbór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknilála*  
Björk Björgúlfssdóttir  
*sviðs- og tæknilála*

# Á döfinni

14.04 FÖSTUDAGUR  
Kl.19:30



## Anna, Sibelius og Tsjajkovskíj

Á þessum síðustu tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg fyrir tónleikferð sína um Bretland má segja að kosmískir kraftar leysist úr læðingi. Á fyrri hluta tónleikanna hljóma bæði margrómað hljómsveitarverk Önnu Þorvaldsdóttur, METACOSMOS, sem hljómað hefur af sviðinu hjá mörgum af helstu sinfóníuhljómsveitum heims, og hið óvenjulega meistaraverk Sibeliusar, Luonnotar, en það er samið við erindi úr Þjóðkvæðabálkinum Kalevala þar sem segir frá sköpun heimsins. Einsöngvari í tónaljóði Sibeliusar er finnska sópran-söngkonan Anu Komsí. Hún hefur hlotið mikið lof fyrir raddfegurð sína, feikilega tækni og frumleg tók, jafnt á hefðbundnum söng-perlum og framsækinni samtímatónlist. Í upphafi tónleikanna hljómar einskonar konsert fyrir kólórátúr-sópran, Voice verser, sem finnska samtímatónskáldið Jukka Tiensuu samdi fyrir Komsí. Verkið er óður án orða til raddarinnar og möguleika hennar – tónmálið er frumlegt, framandi og fullt af glettni. Tónleikunum lýkur á einu af öndvegis-verkum Tsjajkovskíjs, fimmtu sinfóníunni, sem hann samdi á hátindi ferils síns, skömmu áður en hann hófst handa við ballettinn um Þýrnirós. Verkið hefur hrifið hlustendur allt frá fyrsta degi.

19.05 FÖSTUDAGUR  
Kl.19:30



## Faust leikur Dvořák

Isabelle Faust er einn fremsti fiðluleikari samtímans og íslenskum tónleikagestum að góðu kunn, en margir muna eflaust eftir túlkun hennar á fiðlukonserti Brahms vorið 2019. Faust var einnig staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2010-11. Faust kemur reglulega fram með Berlínarfílharmóníunni og hlaut með þeim Gramophone-verðlaunin 2017 fyrir túlkun sína á konsertum Mozarts. Nú leikur Faust hinn rómaða fiðlukonsert Dvořáks sem var frumfluttur í Prag árið 1883. Gustav Mahler samdi risavaxin verk og er fimmta sinfónían þar engin undantekning. Þannig varð tónlistarlegur módernismi árána í kringum aldamótin 1900 stundum að því sem nefnt hefur verið „maxímalismi“, það er að segja verk urðu gríðarlega stór í sniðum. Fimmta sinfónían var frumflutt í október árið 1904 og lætur hún engan ósnortinn, hvort heldur um er að ræða kraftmikið og voldugt upphafið, glæsilegt hornsóló í þriðja þætti eða angurværan fjórða þáttinn (Adagietto) sem oft er fluttur einn og sér. Hér fylgir Eva Ollikainen eftir framúrskarandi túlkun sinni á fyrstu sinfóníu tónskáldsins á 70 ára afmælistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands vorið 2020.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Himnasælusinfónía með Barböru Hannigan

FIMMTUDAGUR 15. JÚNÍ | KL. 19:30 | HARPA  
FÖSTUDAGUR 16. JÚNÍ | KL. 19 | HOF

Kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan er væntanleg til Íslands á ný og heldur tvöna tónleika með hljómsveitinni. Á efnisskránni eru hrífandi tónverk þar sem ljóðræna og leikgleði Hannigan fá að njóta sín jafnt í söng og hljómsveitarstjórn; Kraftaverkasinfónía Haydns og Himnasælusinfónía Mahlers.

MÍÐASALA HAFIN